

Fundargerð 226. fundar stjórnar Þróunarfélags Keflavíkurflugvallar ehf. haldinn
15. apríl 2026, kl. 12.00 á Teams.

Mætt:

Salóme Guðmundsdóttir, stjórnarformaður
Einar Jón Pálsson, stjórnarmaður,
Einar Gunnar Thoroddsen, stjórnarmaður,
Guðmundur Daði Rúnarsson, stjórnarmaður,
Guðný Birna Guðmundsdóttir, stjórnarmaður,
Pálmi Freyr Randversson, framkvæmdastjóri,
Bryndís Lúðvíksdóttir, skrifstofustjóri sem ritaði fundargerð,
Helga Hlín Hákonardóttir frá Strategíu, kom inn á fundinn undir lið 1,
Samúel Torfi Pétursson, þróunarstjóri, kom inn á fundinn undir lið 3,

1. Áhættustefna – drög til kynningar

Helga Hlín Hákonardóttir, ráðgjafi frá Strategíu, kom inn á fundinn undir þessum lið og fór yfir drög að áhættustefnu sem unnið hefur verið að með stjórnendum og stjórn. Umræður fóru fram um áhættu, stefnuáherslur, sviðsmyndir, innleiðingarátætlun og næstu skref. Stefnt er að því að eigandi samþykki stefnuna á aðalfundi félagsins.

Ákveðið var að halda aukafund stjórnar til að rýna skjöl áður en stefnan verður lögð fram til samþykktar.

Stjórn þakkaði kynninguna.

2. Staða verkefna – til upplýsinga

Framkvæmdastjóri fór yfir stöðu verkefna félagsins. Staða einstakra verkefna var rædd, meðal annars markaðssetning vegna gagnavera, verðlagning og mikilvægi stefnumörkunar fyrir svæði félagsins.

3. Verklagsreglur og gjaldskrá – til kynningar

Samúel Torfi Pétursson, þróunarstjóri, kom inn á fundinn undir þessum lið og fór yfir drög að gjaldskrá og innri reglum Kadeco.

Umræður fóru fram um reglur og gjaldskrá, meðal annars með tilliti til mismunandi virðis svæða, afslátta, hvata og viðmiða við gjaldskrár sveitarfélaga.

Ákveðið var að leggja fram uppfærða tillögu á næsta fundi stjórnar að teknu tilliti til athugasemda. Jafnframt var ákveðið að stjórn rýni skjalið áður en það verður lagt fram til samþykktar.

Stjórn þakkaði kynninguna.

4. Ársreikningur 2025

Ársreikningur verður lagður fram til samþykktar á næsta fundi stjórnar.

5. Rekstrarupplýsingar

Framkvæmdastjóri lagði fram mánaðarlegar rekstrarupplýsingar og yfirlit yfir skuldbindingar félagsins sem liggja inni á stjórnargátt.

Stjórn þakkaði upplýsingarnar.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 14.06